

LÖGMANNA BLAÐIÐ



1. árg.

Febrúar

1 / 1999

Upplýsingar eru afl þess sem gera skal

Af vettvangi stjórnar

Af Merði lögmanni

Af hverju félagsdeild?

Groa@leiti.is

Heimasíða Lögmannafélagsins

Bótaréttur launþega

Fræðslumál

Ákvörðun samkeppnisráðs

*Af hverju
félagsdeild?*

—
Bls. 3

*Heimasíða
LMFÍ*

—
Bls. 7

*Ákvörðun
samkeppnis-
ráðs*

—
Bls. 22

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Björn L. Bergsson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1.000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1.400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
		1997	8.800.-	fjögur bindi

50% afsláttur til laganema

Upplýsingar eru afl þess sem gera skal

Lögmannafélag Íslands var stofnað árið 1911, fyrstu heildarlög um lögmenn voru sett 1942, lög nr. 61/1942, og síðustu heildarsamþykktir félagsins stafa frá árinu 1944, það er þær komu í kjölfar málflytningssmannalaganna. Af þessu má þegar sjá, að mikil tíðindi gerðust í umhverfi lögmanna með lögfestingu nýju lögmannaalaganna nr. 77/1998, sem komu í stað laga nr. 61/1942. Umskiptin urðu enn meiri vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í öllu lagaumhverfi á allra síðustu árum, eftir að jafnræðisregla, neikvætt félagafrelsi og jafnvel réttlætið sjálf voru fundin upp!, að sumra dómi.

Nýju lögmannaalögin og nýjar



*Jakob R. Möller,
hrl., formaður
L.M.F.Í.*

samþykktir félagsins, sem samþykktar voru á framhaldsaðalfundi þann 12. nóvember síðastliðinn, tóku gildi nú um áramótin og gera stjórn félagsins skylt að leysa nokkur brýn verkefni á allra næstu mánuðum. Þessi verkefni snúa bæði að hinum lögbundnu þáttum í starfi félagsins, en ekki síður að nýstofnaðri félagsdeild. Verkefnin við hina lögbundnu þætti hafa félagsmenn ekki orðið mikið varir við, fyrr en nú að fréttir af þeim birtast í Lögmannaablaðinu. Öðru máli á að gegna um félagsdeildina. Vitur maður mælti forðum að til þess að vita, hvaða stefnu ætti að sigla yrið maður að vita hvar maður væri.

Stjórnin hefur varið miklu af tíma sínum að undanförunu í umfjöllun um félagsdeildina, skipulag hennar, hugsanlega ráðningu starfsmanns og síðast en ekki sízt fjármál. Ákvörðun var tekin um að freista þess að finna út hvortveggja, hvar við værum og hvert skyldi sigla, og reyndar líka hvernig. Þessi ákvörðun á nú að hafa birt félagsmönnum í gögnum vegna skodanakönnunar um verkefni félagsdeildar og hvað lögmenn eru tilbúnir til að greiða fyrir þjónustu hennar. Vegna þess meðal annars að útgjöld við hina nýju Úrskurðarnefnd lögmanna verða samkvæmt lögnum greidd af félaginu, er ljóst að árgjöld til félagsins munu þurfa að hækka, bara

til þess að halda óbreyttri þjónustu. Stjórnin væntir þess að hin nýja félagsdeild muni í framtíðinni afla umtalsverðra sértekna, en í upphafi, að minnsta kosti, mun þurfa allhátt félagsgjald til þess að deildin geti veitt þá þjónustu, sem við búumst við, að lögmenn vænti. Hádegisverðirnir eru ekki ókeypis nú frekar en á barnum í Kansas um 1850 (það var nefnilega ekki Milton Friedman, sem fyrstur mótadi þá reglu í orð.).

Allir sem unnið hafa við breytingarnar á félaginu hafa verið sammála um það, að upphaflega megi búast við, að langflestir félagsmenn muni kjósa að vera einnig í félagsdeildinni. Enginn getur þó vænt þess, að lögmenn haldi tryggð við félagsdeildina nema hún mæti kröfum félagsmanna gegn viðunandi árgjaldi. Upplýsingar um kröfur félagsmanna og hvað þeir eru reiðubúnir að greiða til þess að fá þær uppfylltar, eru því algjör forsenda þess að höfðinglega verði ríðið úr hlaði.

Trúnaðarskyldan á aungvan vin

Í síðasta tölublaði var vikið að mikilvægi trúnaðarskyldu lögmanna. Mér hefur orðið nokkuð hugleikið að undanförunu, að í dómsmálum þar sem reynt hefur á, hvort á rof á trúnaðarskyldu sé réttmæt, bæði í H 1996.3575 og í máli netþjónustufyrirtækisins haustið 1998, hefur enginn talað máli trúnaðarskyldunnar. Hún átti þar aungvan vin, fremur en Arnas Arneus forðum. Ef til vill má freista þess að bæta hér úr, að því er varðar lögmenn, við endurskoðun síðareglunnar, sem nú stendur yfir. Tilmælum í þá átt hefur þegar verið komið á framfæri við endurskoðunarnefndina.

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is
heimasíða: www.lmfi.is

Stjórn L.M.F.Í.

Jakob R. Möller, hrl.,
formaður
Ásgeir Thoroddsen, hrl.
varaformaður
Kristinn Bjarnason, hrl.,
ritari
Sif Konráðsdóttir, hdl.,
gjaldkeri
Sigurbjörn Magnússon, hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,
framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Óflun ehf., sími 561-4440

Frá ritstjórn

Tölublað þetta tilheyrir 5. árgangi Lögmannablaðsins og hefur blaðið verið í móton á þessu tímabili. Allan þennan tíma hefur Marteinn Másson framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins gegnt störfum ritstjóra samhlíða öðrum störfum sínum fyrir félagið. Stjórn félagsins hefur nú ákveðið, vegna mikilla starfsanna Marteins við móton starfs félagsins í nýju lagaumhverfi, að finna blaðinu ritstjóra meðal félagsmanna til bráðabirgða. Hugmyndin er síðan sú að nýr starfsmaður, ef slíkur verður ráðinn, sem sinna muni félagsdeild félagsins muni í framtíðinni halda um ritstjórnartaumana.

Eins og þetta tölublað ber með sér eru efnistökn pínulítið breytt. Hvort stefnir í ófæru er ekki enn ljóst, en erfitt verður að feta í fótspor fráfarandi ritstjóra.

Þá hefur stjórn skipað einn úr sínum röðum sem tengilið við ritstjórn Lögmannablaðsins. Með því móti á að stuðla að því að upplýsingaflæði sé sem mest frá stjórninni til ritstjórnar og þaðan svo til félagsmanna á síðum Lögmannablaðsins.

Að lokum eru félagsmenn hvattir til að koma tíðindum eða hugleiðingum á framfæri við blaðið svo blaðið þjóni því hlutverki sínu að vera upplýsingar-

Af vettvangi stjórnar

Frá því að síðasta tölublað kom út af Lögmannablaðinu, og raunar miklu fyrr, hefur mikill tími stjórnar Lögmannafélagsins farið í vinnu við undirbúning þess að ýta félagsdeild félagsins úr vör. Mikil umræða hefur átt sér stað innan stjórnarinnar um skilgreiningu á hlutverki deildarinnar og margar hugmyndir ræddar í því sambandi. Nokkrar þeirra birtast í grein Sifjar Konráðsdóttur hdl., hér á öðrum stað í blaðinu. Ráðist var í skoðanakönnun meðal félagsmanna með fulltingi Gallup af þessum sökum.

Af öðrum málefnum má geta um úrskurðarmál sem fram til þessa hafa tekið geysilegan tíma frá stjórninni sem ella hefði mátt nýta til félagsstarfsins. Málefni þetta var sem fyrr fyrirferðamikil vel fram á þetta ár þó svo að lögmannalögin nýju hafi falið sér-

stakri nefnd þetta verkefni.

Síðan má nefna margháttað vafstur er lotið hefur að umsóknum um veitingu málflytningaréttinda fyrir héraðsdómi. Hefur meðal annars verið efnt til fundarhalds með dómismálaráðuneytinu til lausnar vandamála sem upp hafa komið við túlkun á nýju lögmannalögunum og þá sérstaklega 12. gr. þeirra.

Þá hefur verið fjallað um nýjan kostnaðargrunn sem er í vinnslu á vegum kjaranefndar og nauðsyn þess að grunnurinn styðjist svo sem kostur er við opinberar upplýsingar. Fjárvörslureikningareglur hafa einnig verið til umfjöllunar auk þess sem fundað hefur verið með dómismálaráðuneytinu um hámarks- og lágmarksfjárhæðir ábyrgðartryggingar lögmannna.

Útgáfudagar Lögmannablaðsins árið 1999

Í þeim tilgangi að veita Lögmannablaðinu aðhald og upplýsa félagsmenn og aðra lesendur skal frá því greint að á síðasta ári aldarinnar sem byrjar á 19 mun Lögmannablaðið verða gefið út í sem nánustu kallfæri við neðangreinda daga:

- 2. tbl. 9. apríl
- 3. tbl. 30. júní

- 4. tbl. 15. september
- 5. tbl. 1. desember.

Að sjálfsögðu mun hefur ritstjórn þann háttinn á, sem títt hefur komið fyrir í löggjöf að „stefna skal að“ útgáfu á greindum dögum. Spurt verður svo að leikslökum um efnidirnar.

Ýmsar fréttir

Prófnefnd vegna hrl.

Prófnefnd til öflunar málflytningarréttinda fyrir Hæstarétti er ekki eftirbátur hinna nefndanna í vinnugleði. Raunar er starf þeirrar nefndar komið einna lengst en reglur sem nefndin setur sér sjálf eru nánast tilbúnar. Þegar þær hafa litið dagsins ljós munu þær verða birtar í Lögbirtingarblaðinu sem og Lögmannablaðinu að sjálfsögðu.

Efnislega munu reglur þessar fela í sér það nýmæli að umsækjandi þarf að skila örstuttri greinargerð þar sem hann færir rök fyrir því að málið sem sótt er um sé tækt sem prófmál. Í annan stað verða málin að varða fleiri en eitt lögfræðilegt álitaeftni og til staðar þarf að vera lögfræðilegur vafi sem ekki liggja skýr fordæmi fyrir um. Það má semsagt ekki vera búið að margdæma málið. Síðan mun vera samstaða innan nefndarinnar um að málin verði ekki vigtuð. Blaðsíðufjöldi ágrípa mun þannig ekki hafa úrslitaáhrif við mat á því hvort um prófmál sé að ræða. Áfram er svo gert ráð fyrir því að prófmaður skili nýrri greinargerð til Hæstaréttar sem hluta af prófraun sinni. Loks munu reglurnar hafa sólarlags-

ákvæði þar sem miðað verður við að sól hnigi til viðar í árslok og reglurnar þá teknar til endurskoðunar.

Þrátt fyrir að reglurnar séu ekki enn tilbúnar er nefndin þegar farin að starfa og hefur afgreitt eina umsókn. Mun hafa verið stuðst við megináskráningarmíðin sem verið er að móta í títtnefndum reglum þegar umsókninni var hafnað.

Endurskoðun siðareglna

Vegna nýju laganna er unnið að endurskoðun siðareglna Lögmannafélagsins og vinna þau Hákon Árnason hrl., Gestur Jónsson hrl., og Þórunn Guðmundsdóttir hrl., að því verki. Í störfum sínum hafa þau litið til þess að unnið er að samræmingu siðareglna á vegum Evrópusamtaka lögmannafélaga sem LMFÍ á aðild að, CCBE. Hafa þannig verið þýddar bæði gildandi reglur á þeim vettvangi sem og þau drög sem unnið er að í samræmingarvinnunni. Stefnt er að því að nýjar siðareglur geti litið dagsins ljós er sól hækkar á lofti.

Endurrit hæstaréttar- dóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.

Réttur pappír á réttum stað!

Við sérhæfum okkur í pappír fyrir allar gerðir skrifstofutækja.

- Geislaprentara; bleksprautu
- Ljósritun í lit og svörtu
- Ljósritunarpappír í 25 litum
- Allar stærðir og gerðir umslaga

Leitið upplýsinga

hvítlist

PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Bygggördum 7 • 170 Seltjarnarnesi • Sími 561 2141

Af Merði lögmanni

Fyrir nokkrum mánuðum rakst Mörður á gamlan féлага úr Deildinni. Eftir próf hvarf félaginn inn í eina ríkisstofnunina og hafði lítið spurst til hans síðan.

Félaginn sagði sínar farir ekki sléttar. Hann hafði púlað og puðað fyrir þessa Stofnun árum saman, lagt á sig setu á erfiðum og umfram allt leiðinlegum fundum, farið í erfiðar ferðir til útlanda. Félaginn sagði Merði að það hefði í raun verið hann sem hefði haldið þessu öllum saman gangandi í gegnum árin. Yfirmaður Stofnunarinnar hefði verið ómögulegur, hefði ekkert vitað og hefði reyndar reynt að halda félaganum niðri. Loks hefði þó komið að því að yfirmaðurinn neyddist til að hætta vegna aldurs.

Staðan var auglýst, enda þótt félagi Marðar teldi það nánast formsatriði. Félaginn var þá búinn í nokkur ár að undirbúa yfirtöku sína á stofnuninni. Í opinberum veislum þar sem ráðherra Stofnunarinnar var staddur hafði hann lagt sig eftir því að skemmta ráðherranum með hnyttum sögum, gjarnan sögum af yfirmanninum. Hann rifjaði það einnig upp með ráðherranum að þeir hefðu verið saman í Vatnaskógi í eina viku þegar þeir voru átta ára gamlir. Félagi Marðar skutlaði síðan inn í ráðuneytið einfaldri umsókn og settist síðan niður og beið eftir hinni gleðilegu símhringingu úr ráðuneytinu þar sem honum var veitt staðan. Félaginn taldi sig vel að stöðunni kominn eftir margra ára fórnfúst starf í þágu Stofnunarinnar. Undrun hans var því mikil þegar ráðherrann veitti einhverjum unglingi stöðuna, unglingi sem var með prófgráðu frá Ameríku (sem hét einhverri skammstöfun). Unglingi sem í þokkabót var kona. Ráðherrann hélt svo blaðamannafund, tilkynnti stöðuveitinguna og sagði að hverri stofnun væri það nauðsyn að fá nýtt blóð inn. Félaginn gat svo sem tekið undir það með ráðherranum, blóðgjöf var nauðsynleg. Hann hafði

úthellt svo miklu af eigin blóði fyrir þessa Stofnun.

Félaginn tjáði Merði nú að hann væri búinn að segja upp, hefði leyst út héraðsdómslögmannsréttindin sín frá dómsmálaráðuneytinu og ætlaði að fara að praktísera. Hann taldi það ekki mikið mál, hann væri vel kynntur, sérfræðingur í málefnum Stofnunarinnar, kynni skandinavísku og myndi án efa fá heilmikinn business út á störf sín fyrir Stofnunina. Líklega myndi Stofnunin biðja hann um að taka að sér lögfræðilega ráðgjöf fyrir Stofnunina en hann ætlaði að afþakka það, ekki kæmi til greina að vinna fyrir þessa Stofnun, hann ætti sko sitt stolt. Hann myndi hvort eð er hafa svo mikið að gera í öðru.

Mörður botnaði ekkert í þessu. Svo virtist sem lögmannastéttin væri að verða einhvers konar flóttamannabúðir fyrir ófullnægða ríkisstarfsmenn. Mörður óskaði honum góðs gengis og félaginn sagði að þeir myndu sjást á fundum í Lögmannafélaginu.

Nokkrir mánuðir liðu þar til Mörður hitti félagann á Austurvelli einn eftirmiðdag. Fór þar hljóður og hógvær maður. Hann kvaðst vera hættur í lögmennsku, það hefði verið svo fjári dýrt að kaupa öll þessi tæki, hann hefði aldrei vitað að tölvur gætu verið svona dýrar, að ekki væri minnst á kaupkröfur ritara, dýra húsaleigu, tryggingar og fleira. Hann var kominn aftur til Stofnunarinnar, að vísu ekki í gamla starfið, heldur annað lægra sett, en þó á föstum launum. Hann sagði að nýi yfirmaðurinn væri að vísu afleitur, sá gamli hefði nú vitað hvað hann var að gera. Mikill munur þar á.

Mörður hlustaði á sinn gamla féлага og horfði yfir grænt grasið á Austurvelli. Mörður sá ekki betur en það væri miklu grænna þeim megin á vellinum, sem nektardansstaðurinn var.

Af hverju félagsdeild?

Lögmenn svara nú þessari spurningu hver fyrir sig í skoðanakönnun LMFÍ.

Félaginu er nú óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum. Þetta segir beinlínis í 1. mgr. 3. greinar lögmannaalaga. Sérstök félagsdeild er til fyrir þá starfsemi sem ekki fellur þar undir. Hún hefur einfaldlega gengið undir nafninu „félagsdeild“.

Fram til þessa hefur félagið staðið fyrir alls konar starfi sem ekki er lögbundið. Þetta er fræðslustarf, útgáfustarf, rekstur bókasafns og ýmis almenn félagsstarfsemi, svo sem rekstur orlofshúsa, íþróttakeppnir og fleira.

Kannski vilja einstakir eða jafnvel margir félagsmenn alls ekki taka þátt í þessari starfsemi áfram. Í mínum huga er spurningin miklu fremur hvort félagsmenn vilja taka þátt í einhverri annarri starfsemi. Starfsemi sem ekki er boðið upp á nú þegar. Og þá hverri.

Verkefni félagsdeildar

Í 18. gr. núgildandi samþykktu félagsins er það skilið eftir opið hver verkefni félagsdeild muni hafa með höndum. Það er ákvörðun aðalfundar og stjórnar hverju sinni.

Þessi deild í félaginu verður að mínu viti hvorki fugl né fiskur nema við gerum eitthvað með hana annað og meira en að veita sömu þjónustu og fyrir lagabreytingu. Við verðum að setja meiri metnað í deildina. Til þess þurfum við félagsmenn. Bæði fjöldi þeirra og hugmyndir frá þeim.

Þegar ég hugsa um frjálsa deild í félaginu og verkefni hennar finnst mér nákvæmlega eiga við þau markmið sem kjaranefnd hafði samkvæmt gömlu samþykktunum. Það er: „... að vinna að bættum



*Sif
Konráðsdóttir,
bdl.*

*Þessi deild í félaginu
verður að mínu viti
hvorki fugl né fiskur
nema við gerum eitthvað
með hana annað og
meira en að veita sömu
þjónustu og fyrir
lagabreytingu.*

**hag félagsmanna ... um málefni,
er varða kjör þeirra, svo sem
launamál, markaðsmál, trygg-
ingamál, skattamál, orlofsmál
og menntunarmál“.** Ekkert
flóknara er það.

Það sem við þurfum þá að vita er hvaða verkefni stuðla að þessum markmiðum á hverjum tíma. Ég er sjálf í hópi þeirra sem gagnrýnt hafa félagið fyrir að sinna ekki raunverulegum hagsmunamálum félagsmanna. Og ég held að sóknarfærið sé einmitt núna. Ég held að félagsmenn vilji félag sem getur unnið að bættum hag þeirra.

Hagsmunamál

Mikið starf er óunnið í tengslum við hagsmunamál lögmanna.

Til dæmis eru tryggingar stór liður í rekstrarkostnaði lögmanna. Þjóða mætti út sérstaka tryggingapakka fyrir lögmenn í félagsdeildinni, með starfsábyrgðar-, sjúkra-, slysa-, rekstrarstöðvunar- og lífeyr-

istryggingum meðal annars. Þetta tengist einnig lífeyrismálum lögmanna almennt.

Tugir nýrra félagsmanna hafa komið inn í félagið ár hvert og halda vonandi áfram að gera það. Margir félagsmenn stofna stofur ár hvert. Þeir ættu að fá leiðbeiningar sem byggðar væru á samansafnaðri reynslu um kostnað, innkaup og önnur praktísk mál.

Tölvumál eru stór þáttur í rekstri skrifstofu lögmanna. Hugsanlega er markaður fyrir þróun ýmis konar hugbúnaðar fyrir lögmenn, svo sem málaskráningarkerfis, tíma- skráningarkerfis, samskiptakerfis og fleira. Félagsdeild gæti gert þjónustusamninga fyrir félagsmenn sína við aðila sem sérhæfðu sig í að þjónusta lögmenn á þessu sviði og öðrum.

LMFÍ hefur mikið samstarf við önnur norræn lögmannafélög. Þau félög hafa mörg hver öfluga þjónustustarfsemi fyrir félagsmenn sína á ýmsum sviðum. Gera mætti samninga við félögin um að okkar félagsmenn ættu aðgang að þeirra þjónustu á sömu kjörum og þeirra.

Bókasafn og fræðslustarf er hornsteinn í hagsmunamálum lögmanna. Stjórn félagsins vill ráða sérstakan starfsmann að félagsdeildinni. Sá starfsmaður gæti sinnt þjónustu við lögmenn um gagnaflokkun af bókasafni, bæði með almennt heimildaleit og sérhæfðari. Bókasafnið hefur nú þegar aðgang að gögnum á geisladiskum og gegnum internetið sem langt því frá allar lögmennstofur geta eða hafa haft. Í bígerð er tenging við CELEX gagnabanka Evrópusambandsins í gegnum norska fyrirtækið LovData, þar sem unnt verður að nálgast allt regluverk og dóma Evrópuréttarins með öflugum leitarvélum. Hingað til hafa lögmenn ekki getað nálgast þau

gögn öll nema eftir annað hvort tímafrekum eða mjög dýrum leiðum.

Nú er mikið til umræðu kostnaður lögmanna af rekstri stofa sinna. Meðal annars í tengslum við málskostnaðarákvarðanir dómara. Nauðsynlegt er að safna saman og staðreyna upplýsingar um þetta og koma á framfæri við dómstóla. Í því efni er mikið starf óunnið sem unnt væri að sinna á vegum félagsdeildar.

Félagið hefur lítið sinnt markaðsmálum fyrir stéttina. Ýmis konar útgáfa, bæði á prenti og á heimasíðu, getur bætt úr þessu. Vinna þarf að því að lögmenn gefi upp-

lýsingar um þau svið sem þeir sérhæfa sig í, til að auðvelda aðgang að þjónustunni.

Félagið hefur margt gott gert í útgáfumálum, en í félagsdeildinni verður staður fyrir miklu öflugra útgáfustarf. Þegar hafa verið tekin skref til að efla að nýju útgáfu Lögmannsblaðsins. Með sérstökum starfsmanni félagsdeildar er unnt að tryggja tíðari og reglubundnari útgáfu blaðsins, sem er mikilvægur upplýsingamiðill um allt það er varðar hagsmunamál lögmanna. Heimasíða félagsins er nú í vinnslu og á sama hátt á þar að geta orðið virk miðlun fyrir lögmenn í félagsdeild.

Menn standa frammi fyrir ákvörðunum í sambandi við orlofsmál. Hingað til hafa þau falist í tveimur sumarhúsum í Brekkuskógi. Selja á annað húsið. Lögmenn í félagsdeild geta ákveðið að hagsmunum þeirra í orlofsmálum sé betur fyrir komið með því að ráðstafa þessu með öðrum hætti, til dæmis að eiga kost á einum nútímalegum heilsársbústað, eða íbúð úti á landi. Eða eitthvað allt annað.

Svona mætti lengi telja.

Verðum við ekki að spyrja okkur þess hvort við höfum efni á að vera ekki með í félagsdeildinni?

Groa@leiti.is

Mörður lögmaður er lesendum Lögmannsblaðsins góðkunnur enda verið fastur pistlaböfundur í ritinu frá uppbafi. Nú hafa þau tíðindi gerst að systir hans, Gróa, hefur fengið útgefið málflutningsleyfi fyrir beraðsdómi og sett á stofu lögmansstofu. Trú sínu kyni hefur hún tekið upp á því að senda blaðinu afrit af tölvupóstsendingum sínum. Eðli máls samkvæmt hefur Lögmannsblaðið ekki tók á að staðreyna sannleiksgildi þeirra tíðinda, sem sendingarnar hafa að geyma. Þar sem ritstjórn þessa blaðs er eins farið og annarra blaða, að vera sífellt á höttunum eftir efni til birtingar, gefur hér að líta þær sendingar frá Gróa sem helst eru birtingarhæfar. Efni þeirra er ekki selt dýrara verði en það er keypt.

Efni: ríkislömmi

Sæl. Þú ferð ekki með það lengra en ég var að heyra að Jón G. væri að hætta sem ríkislömmi. Hann er víst að komast á aldur. Ætli það sé vit að sækja um? Nei varla, réttindin mín eru svo ný og svo er eins víst að ráðherra vilji gauka þessu að einhverjum úr flokknum. Það er ekkert gagn að því að vera utan flokka. Verst að ég skyldi ekki hafa vit á því að skrá mig í Sjálfstæðisflokkinn þegar ég var í deildinni, nú eða Framsókn. Svei mér þá, Allaballaríið væri skárra en þetta utanflokka-stúss.

Kveðja, Gróa.

Efni: dómstólakurr

Þú ferð ekki með það lengra en ég var að heyra að það væri agalegur kurr innan dómstólanna, utan Héraðsdóms Reykjavíkur, með trakteringarnar hjá matsnefndinni sem var að meta hæfi dómarafulltrúanna. Þeir eru víst svakalega styggir yfir því að í höfuðstaðnum séu öll mikilvægu málin. Nei þeir eru að segja að litlu embættin séu einmitt miklu betri vettvangur til að öðlast starfsreynslu. Þar séu menn að dæma um allt frá stöðumælasektum upp í alvörumál um stjórnarskrána og hvað það nú heitir allt saman. Svo hnussa þeir yfir því að starfandi dómaraar við Reykjavíkurembættið sitji nefndinni, þetta sé allt saman hlutdrægni.

Kveðja, Gróa.

Efni: dómstólakurr 2

Hæ. Ég var að heyra svolítið meira varðandi dómaraSKIPANIR. Þú ferð ekki með það lengra. Mönnum finnst svaka skrítið hjá þessari nefnd sem raðaði umsækjendum um föstu dómaraStöðuna hvað lögmenn áttu lítið upp á borðið hjá henni. Ekki það að sú sem fékk embættið sé ekki vel að því komin. Er ég að gera tóma vitleysu með því að fara í praksís? Nei það voru víst lögmenn meðal umsækjenda með áratuga starfsreynslu, bæði af lögmennsku og jafnvel dómaraStörfum og komust varla á blað hjá nefndinni. Var nokkur lögmaður í þessari hæfisnefnd?

Kveðja, Gróa.

Heimasíða Lögmannafélagsins

www.lmfi.is

Lögmannafélag Íslands hefur opnað heimasíðu á Netinu með veffanginu www.lmfi.is. Heimasíðunni er ætlað að vera upplýsingamiðill fyrir lögmennt, almenning, fyrirtæki og stjórnvöld, með ýmsum fróðleik um LMFÍ og starfsemi þess, svo og um lögmannastéttina.

Heimasíðan er þannig uppbyggð að þegar hún er opnuð kemur fyrst í ljós forsíða hennar. Með því að loka forsíðunni er maður kominn í almenna kynningu á heimasíðunni, þar sem getið er helstu undirsíðna, sem lögmennt annars vegar og almenningur hins vegar hefðu áhuga að skoða. Með því að ýta á rauðu, undirstrikuðu orðin kemst maður beint á viðkomandi undirsíðu, svo sem stefnuvottaskrá, dómstólaskrá, Lögmannablaðið, Fréttabréf LMFÍ, samantekt af fundum stjórnar LMFÍ og fleira.

Til hliðar við lesmálið eru hnappar, sem sýna flokkun efnis á heimasíðunni í grófum dráttum. Með því að ýta á þá kemst maður sömuleiðis á þá undirsíðu, sem skoða á. Undir hnappnum *Um LMFÍ* eru upplýsingar um félagið sjálft, núverandi stjórn og nefndir og stjórnir félagsins frá upphafi. Í *Lög og reglur* má finna lögmannalögin nýju, samþykktir og síðareglur félagsins og loks reglur um starfsábyrgðartryggingar og fjárvörslureikninga lögmannna. Stutt umfjöllun *um lögmennt* er undir hnapp með því heiti.

Á hverju ári berast tugir umsagnarbeiðna um lagafrumvörp frá Alþingi til félagsins og hefur þeim fjölgað umtalsvert síðustu 2-3 árin. Í Lögmannablaðinu hafa stundum birst *umsagnir laganevndar* eða útdrættir úr þeim. Tilvalið þykir að gera betur grein fyrir þessu starfi nefndarinnar á heimasíðunni og



Marteinn Másson, framkvstj. LMFÍ

eru þar nú nokkrar af síðustu umsógnunum.

Með lögmannalögnum varð sú breyting að úrskurðarnefnd lögmannna tekur við meðferð og úrlausn kæru- og ágreiningsmála, sem stjórn LMFÍ hefur hingað til sinnt. *Úrskurðarnefnd lögmannna* hefur sinn hnapp á heimasíðunni og þar er fróðleik að finna um skipun nefndarinnar, hlutverk og valdsvið. Víða í umfjölluninni er vísað til ákvæða lögmannalaga og með því að smella á greinarnúmerin birtist viðeigandi lagaákvæði á skjánum. Ætlunin er að birta málsmeðferðarreglur og úrskurði nefndarinnar á heimasíðunni, sbr. 8. og 9. töluliður umfjöllunar um nefndina.

Undir hnappnum *Vantar þig lögmannsaðstoð* er hægt að finna félagatal LMFÍ, upplýsingar um Lögmannavaktina og fleira.

Finna má upplýsingar um erlend lögmannafélög og stofnanir og áhugaverðar heimasíður.

Greinar úr *Lögmannablaðinu* og *Fréttabréfi LMFÍ* má finna á heimasíðunni, svo og upplýsingar um það sem er *á döfnni* í félagsstarfinu hverju sinni.

Undir *þjónustubnappnum* er m.a. stefnuvottaskrá, dómstólaskrá og fleiri kaflar úr Handbók lögmannna.

Með tilkomu *félagsdeildar* LMFÍ má búast við að ýmislegt fræðslu- og upplýsingaefni komi til viðbót-

ar á heimasíðuna og til umræðu er að takmarka aðgang að sumum þessara upplýsinga við félagsmennt deildarinnar, með sérstöku aðgangsorði.

Heimasíða LMFÍ er fyrst og fremst textasíða, með lítilli grafík. Vera kann að sumum þyki hún hálf „bragðlaus“ þannig, en fyrir bragðið verður hins vegar meiri hraði í uppflettingu á henni. Ekki á að skipta máli hvort mennt nota Netscape eða Explorer vefvafra til að komast á heimasíðuna. Hún sést prýðilega á 15“ tölvuskjá en nýtur sín betur á 17“ skjá að mati undirritaðs.

Heimasíðan á eftir að mótast og þróast á næstunni, bæði hvað varðar efni og útlit, enda gefur hún félaginu óþrjótandi möguleika til kynningar og upplýsingamiðlunar til félagsmannna, almennings og fyrirtækja á næstu árum.

Útleiga á fundarsal

Lögmennt geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.

Bótaréttur launþega er breytinga þörf?

Skaðabótalög voru lögfest árið 1993. Allt frá upphafi hafa skoðanir manna verið mjög skiptar um ágæti þeirra laga. Þetta leiddi m.a. til lagabreytinga árið 1996. Þá liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögnum sem reikna má með að verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Þrátt fyrir að skaðabótalögin séu í raun óþrjótandi uppspretta umræðna og efni í margar greinar af því tagi sem hér er skrifuð, taka skrif mín ekki mið af þeim nema óbeint. Fyrir mér vakir að benda á stöðu þeirra tjónþola sem ekki fá tjón sitt bætt samkvæmt skaðabótalögnum. Ég mun nálgast spurninguna út frá vinnuslysum.

Nú er það svo að umræðan um skaðabótalögin hefur að miklu leyti tekið mið af þeim sem slasast í umferðarslysum. Eins og menn vita er sá munur á þeim sem slasast í umferðarslysum og þeim sem slasast í vinnuslysum að í fyrrnefndu tilvikunum byggir bótaréttur á hlutlægum grunni en á sakarreglunni í síðarnefndu tilvikunum. Sé sök ekki fyrir hendi á tjónþoli þannig vanalega ekki rétt á skaðabótum heldur verður að láta sér nægja bætur úr slysatryggingu launþega.

Það er ljóst að bótaleg staða tjónþola sem þannig er ástatt um er allt önnur og verri en þess sem á rétt á skaðabótum. Eftirfarandi dæmi er ætlað að sýna fram



*Dr. jur.
Guðmundur
Sigurðsson,
bdl.*

Fyrir mér vakir að benda á stöðu þeirra tjónþola sem ekki fá tjón sitt bætt samkvæmt skaðabótalögnum.

á þennan mun. Dæmið er að sjálf-sögðu greinarhöfundar, sundurliðun bótagænda og upphæða er nokkuð einfölduð, í því kunna að vera einhverjar skekkjur, en það gefur engu að síður raunhæfa mynd af stöðunni. Bætur til launþega eru miðaðar við ASÍ launþegatryggingu.

Dæmi:

Launþegi slasast við vinnu sína þann 1. febrúar 1997. Hann er 25 ára á slysdegi. Afleiðingarnar eru þær að hann er frá vinnu í 8 mánuði og er metinn til 15% miska og fjárhagslegrar örorku. Hann var rúmliggjandi í 20 daga og veikur án þess að vera rúmliggjandi í 160 daga. Hann hafði kr. 2.500.000 í árs-tekjur árið fyrir slys og fékk greitt kr. 300.000 frá vinnuveitanda í

slysalaun. Slysalaunin voru greidd í tvo mánuði eftir slysið. Staðgengilslaun fyrir 8 mánaða tímabilið voru kr. 1.700.000,00.

Réttur til bóta úr slysatryggingu launþega og frá Tryggingastofnun ríkisins

- | | |
|---|----------------|
| 1. Dagpeningabætur frá Tryggingastofnun ríkisins og tryggingafélagi | kr. 286.980,00 |
| 2. Örorkubætur (15% örorka) | kr. 381.720,00 |
| Heildargreiðslur | kr. 668.700,00 |

Réttur til skaðabóta

- | | |
|---|------------------|
| 1. Tímabundið atvinnutjón | kr. 1.113.020,00 |
| 2. Þjáningabætur skv. 3. gr. sbl. | kr. 152.000,00 |
| 3. Miskabætur skv. 4. gr. sbl. | kr. 663.075,00 |
| 4. Varanleg fjárhagsleg örorka skv. 5-7. gr. sbl. | kr. 3.710.623,00 |
| 5. Vextir skv. 16. gr. sbl. | kr. 178.222,00 |
| Heildargreiðslur | kr. 5.816.940,00 |

Af þessum tveim dæmum sést að sá sem á rétt á skaðabótum fengi kr. 5.816.940,00 hærri bætur en sá sem aðeins fengi bætur úr slysatryggingu launþega.

Er breytinga þörf?

Það er vafalaust ekki erfitt að fá flesta til að samsinna

Úrskurðarnefnd

Eins og frá var greint í síðasta tölublaði tók Úrskurðarnefnd lögmanna til starfa um síðustu áramót í tilefni af gildistöku nýju lögmannaálaganna.

Til þessa hefur nefndin haldið einn fund og vinnur nú að mótun starfsreglna sem henni er ætlað að smíða sjálf.

Ekkert er enn farið að úrskurða en nefndin mun hafa fengið nokkuð af málum í heimanmund frá stjórn Lögmannafélagsins vegna laga-skilareglna.

Því að sá munur sem er á bótarétti í þessum tveimur tilvikum sé verulegur. Hinu má þó ekki gleyma að það liggja ákveðin varnaðarsjónarmið að baki sakarreglunni. Reyndar hafa verið færð fyrir því haldgóð rök að varnaðarsjónarmiðin eigi ekki svo vel við þegar um líkamstjón er að ræða.

Það er full ástæða til að spyrja hvort ekki sé kominn tími til að gera eitthvað til að draga úr þessum mismun á bótarétti allt eftir því hvort um sök er að ræða eða ekki. Er til dæmis rétt að efla slysstryggingakerfið verulega eða á að byggja skaðabótaskyldu vinnuveitenda á hlutlægum grunni? Það skal tekið fram að vangaveltur mínar hér eru í eðli sínu af réttarpólítískum toga og eru settar fram án þess að gerð hafi verið tilraun til að reikna út hvaða kostnaður myndi fylgja slíkum tillögum.

Það er skoðun mín að í stað þeirrar kjarasamningaleiðar sem í gildi er hér á landi eigi að lögfesta slysstryggingu byggða á „skaðabótamódeli“.

Það má vissulega færa fyrir því rök að réttur launþega til slysabóta eigi að vera sá sami óháð því hvort um sök er að ræða eða ekki. Þannig er til dæmis vandseð hvers vegna sjómaður ætti að vera betur tryggður þegar hann sest inn í bílinn sinn er í land kemur en við oft mun hættulegri aðstæður út á sjó.

Slysstryggingar launþega eru að meginstefnu til kjarasamningaatriði. Það er því mjög misjafnt milli hinna einstöku hópa hver tryggingaverndin er. Þá skal einnig á það bent að bótaupphæð örorkubóta í slysstryggingu launþega miðast við tjónsdag og er ekki vísi-tölutengd. Ef til dæmis örorkumat fer ekki fram fyrir einhverjum árum eftir slysdag getur það því haft veruleg áhrif á raunvirði bóta.

Það er skoðun mín að í stað þeirrar kjarasamningaleiðar sem í gildi er hér á landi eigi að lögfesta slysstryggingu byggða á „skaðabótamódeli“. Hugsanlega má sækja fyrirmynd til hinna Norðurlandanna. Slíkar slysstryggingar myndu byggja á hlutlægum bótarétti. Ég hallast að því að þetta væri betri leið heldur en að byggja á skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á hlutlægum grunni. Það verður að telja hæpnari lausn út frá sjónarmiðum skaðabótaréttar.

Með því að taka upp slysstryggingakerfi sem byggði í grundvallaratriðum á reglum skaðabótalaga og á hlutlægum bótagrundvelli er ljóst að tekið yrði stórt skref í þá átt að tryggja launþegum jafnari bótarétt en gildir í dag.

Það er mín skoðun að umræðan um hvort reglur skaðabótalaga reikni mönnum „fullar bætur“ eða ekki sé hálf innantóm á meðan ekkert er minnst á stöðu þeirra launþega sem engar skaðabætur fá. Þetta ættu lögmenn að hafa í huga.

Prófnefnd vegna hdl.

Prófnefnd til öflunar málflytninguréttinda fyrir héraðsdómi tók til starfa. Unnið er að mótun starfsreglna um námskeið það sem lögmannaögin gera ráð fyrir til öflunar málflytninguréttinda fyrir héraðsdómi.

Þessar reglur eru ekki tilbúnar en stefnt er að því að nefndin skili tillögum sínum til dómsmálaráðherra í apríl næskomandi svo ráðherra geti gefið reglurnar út sem reglugerð. Við það er miðað að haldið verði eitt námskeið á ári sem samtals muni taka eina önn og að það verði í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn verði viðameiri og taki um það bil tvo mánuði en áður en námsefni síðari hlutans verði numið er gert ráð fyrir að námsmenn afli sér praktískrar reynslu undir handleiðslu lögmanna, ef menn hafa ekki þegar aflað sér hennar í starfi á lögmannastofu.

Fyrsta námskeiðið sem haldið verður er ráðgert að verði næsta vetur og er Lögmannafélaginu falin framkvæmd þess undir stjórn prófnefndarinnar.

LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjöllum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

**Skjót og vönduð
vinnubrögð.**

ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Pósthússtræti 13, 2. hæð
101 Reykjavík • Sími: 562-6588
Bréfsími: 562-6551

Netfang: ellening@islandia.is

Ellen Ingvadóttir

löggiltur dómtúlkur og
skjalþýðandi

Fræðslumál

Námskeið á vormisseri

Eins og frá var greint í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins stendur félagið að námskeiðum fyrir lögmennt og aðra lögfræðinga í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Lögfræðingafélag Íslands. Núna á vormisseri verður haldinn hellingur af áhugaverðum námskeiðum. Endurmenntunarstofnun hefur þegar dreift bæklingi þar sem gerð er grein fyrir þessum námskeiðum en góð vísa er aldrei of oft kveðin og því drepið á þau hér. Varðandi nákvæmar upplýsingar um efnisinntak námskeiðanna vísast til bæklinga stofnunarinnar.

Fyrst er að nefna námskeið Jóns G. Briem hrl. um **afleiðusamninga og aðrar nýjar gerðir fjármálasamninga**. Samkvæmt efnisyfirliti námskeiðsins virðist vera um áhugavert efni að ræða. Fjallað verður um allskonar skringileg hugtök sem mönnum eru tæpast töm í kaffisþjalli svo sem: Framvirkir vaxtasamningar, valréttarsamningar og skiptasamningar. Þá má nefna að þeir sem halda að húfa, gólf og kragi séu flikur og hluti af fasteignum komast að hinu sanna með því að sækja námskeiðið sem haldið verður 18. febrúar 1999 kl 15:30-19:00 og kostar 5.300 krónur.

Næst er að nefna sígilt nám-

skeiðsefni sem er **skiptastjórn í protabúum** þar sem fróðir fyrirlesarar fjalla um einstaka þætti þeirrar sýslan dagana 22. og 23. febrúar kl. 16:00-19:00 og kostar það 7.800 krónur. Kristinn Bjarnason hrl., fjallar um efnið almennt, Kristján Gunnar Valdimarsson lögfræðingur um skattamálefni protabúa, Ása Ólafsdóttir hdl. um riftanir og Bjarki H. Diego hdl. um útlutanir og tengd efni.

Svo skal nefnt námskeið um **fjárskipti hjóna** sem Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. stendur fyrir þann 25. mars 1999 kl. 16:00-19:00, verð 5.200 krónur. Þar geta þeir sem ekki hafa sinnt slíkum málefnum frá því að þeir lögðu Sifjarétt Ármanns Snævarrs frá sér, að loknu námi á öðru ári, glöggvað sig á þróun réttarins. Svo og aðrir sem efnið er hugleikið.

Síðan er námskeið þar sem **skiptastjórn við opinber skipti dánarbúa** verður gerð skil. Mun flokkur fróðra fyrirlesara fjalla um efnið þann 7. apríl kl. kl 15:00-18:30 og kostar það 5.300 krónur. Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. fjallar um efnið almennt, Ragnar H. Hall hrl. um bústjórnina, Kristján Gunnar Valdimarsson lögfr. um skattamálefni og Greta Baldursdóttir héraðsdómari um meðferð ágreiningsmála.

Haldið verður námskeið um

greiðslustöðvun og nauðasamninga, sígilt námskeiðsefni þar sem Andri Árnason hrl. mun leiða þátttakendur í allan sannleik um efnið dagana 15. og 16. apríl kl. 16:00-19:00 og er verðið 7.800 krónur.

Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl., stendur fyrir námskeiði sem er tvöfalt í roðinu. Annars vegar um **skattlagningu hlutafélaga** og hins vegar um **skattlagningu eigenda** þeirra. Það verður haldið 20. apríl kl. 16:00-19:30 og kostar 5.200 krónur. Námskeið þetta ættu lögmennt að fjölmenna á til að efla sig í samkeppni við sérfræðistettir sem helst hafa viljað eigna sér réttarsviðið.

Andri Árnason hrl., er svo ekki hettur því hann mun, ásamt Jóni H. B. Snorrasygni saksóknara, veita innsýn í **réttargæslustörf lögmanna** á samnefndu námskeiði dagana 26. og 27. apríl kl. 15:00-19:00 og kostar það 7.800 krónur.

Þá er næst að geta námskeiðs þar sem fjallað er um áleitnar spurningar sem kunna að rísa varðandi Internetið. Yfirskrift námskeiðsins, **„Ríkir stjórnleysi á Netinu“**, ein sér er líklega nægjanlega áhugaverð, hvað þá heldur þau álitnaefni sem fjallað verður um á námskeiðinu sem haldið verður dagana 28. og 29. apríl kl. 16:00-19:00 og kostar 6.800 krónur. Ítarleg grein er gerð fyrir um fjöllumunarnefnið í bæklingi Endurmenntunarstofnunar og settar fram margar spurningar sem fyrirlesararnir leysa svo úr, þau Ragnar Aðalsteinsson hrl., Jónína S. Lárusdóttir hdl. og Helgi Jónsson frá INTIS.

Á síðasta námskeiði vormisseris munu svo Drífa Pálsdóttir hrl. og Davíð Þór Björgvinsson prófessor kynna **nýmæli löggræðislaða 71/1997** en það verður haldið 29. apríl 1999 kl. 9:00-12:45 og kostar 5.300 krónur.

Páll Heiðar Jónsson

löggitur skjalapýðandi og dómtúlkur á og úr ensku.

Laugavegi 105, (Hlemmi 3) • Sími 552-1106 • Reykjavík

Fax 552 1106 • netfang asbphj@islandia.is

Sinni einnig nytjapýðingum af ýmsu tagi.

Hlutvís

HLUTASKRÁRKERFI

- Heldur utan um viðskiptasögu hvers hluts.
- Breytingar á hlutafé - hlutafjárútböð, jöfnun, arður.
- Umboð, heldur utan um veitt umboð.
- Flokkar, hægt að skrá hlutabréf í mismunandi flokka sem hafa mismunandi atkvæðavægi.
- Hluthafafundur, prentun fundarboða, aðgöngumiða atkvæðaseðla, mæting.
- Prentun hlutabréfa, hlutafjármiða, arðsávísana, o.fl.
- Getur haldið utan um mörg hlutafélög í einu.

Hafðu samband og við kynnum Hlutvís fyrir þér.

Gagnabanki á Internetinu

- Hæstaréttardómar
- Þinglýsingar
- Reglugerðir
- Hlutafélagaskrá
- Lagasafn Íslands, einnig á CD
- Álitsgerðir og margt fleira

Réttarríkið

<http://www.adgengi.is>

ÚRLAUSN
AÐGENGI

Kynntu þér áskrift að Réttarríkinu.

Skeifan 7 - 108 Reykjavík - Sími 568 8886 - www.adgengi.is - urlausn@adgengi.is

PRYKKITÖNG



Gullþrykkt traust.

Upphleypt innsigli er mikilvægur þáttur í að skapa traust og fyrirbyggja fölsun.

PRYKKITANGIR eru víða erlendis notaðar af embættismönnum, opinberum stofnunum, lögmönnum, verkfræðingum og fleirum þegar ábyrgjast þarf uppruna gagna.

BOÐI, stimplagerð, hefur nýverið fest kaup á laser-skurðvél af fullkornustu gerð, sem gerir það að verkum að hægt er að grafa í mót texta og hvers kyns merki. Þessi þjónusta er nýjung héraðs og tryggir skemmri afgreiðslufrest og fullkomið öryggi fyrir kaupandann.

Ídeal þrykkítangirnar eru ekki aðeins af hæsta gæðaflokki – þær eru líka sönn borðþryði.

Leitið nánari upplýsinga!

*Stimplaðir fyrir gæði.
Samfellt þjónusta frá 1959.*

BOÐI
Stimplagerð hf.

Ídeal®
GOLOP
Royal Mark®
THE MARK OF EXCELLENCE

Bolholt 6 · 105 Reykjavík · Sími: 511 1400 · Fax: 511 1401 · Netfang: bodi@vortex.is

Ákvörðun samkeppnisráðs

Þann 7. október 1997 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lögmannafélagi Íslands vegna samkeppnisstöðu lögmannanna gagnvart kennurum lagadeildar. Í erindinu var þess farið á leit við Samkeppnisstofnun „...að hún kanni umfang lögfræðistarfa kennara við lagadeild Háskóla Íslands og hvort samkeppni þeirra við lögmennt sé á jafnræðisgrundvelli og hvort hún sé andstæð ákvæðum samkeppnislaga, nr. 8/1993“.

Ríflega ári síðar, 21. janúar 1999 tilkynnti Samkeppnisstofnun Lögmannafélaginu ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1999: „Ekki er ástæða til íblutunar samkeppnisráðs vegna máls þessa.“

Gerð er grein fyrir málinu og forsendum ráðsins á 15 blaðsíðum og er lögmonnum bent á að snúa sér til félagsins ef þeir vilja

kynna sér efni þess skjals af eigin raun. Báðir aðilar, L.M.F. og kennararnir, færðu fram ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Við snöggan yfirlestur vöktu nokkur atriði atbygli öðrum fremur:

Erindi Lögmannafélagsins var framsent til Háskólans og svaraði lagadeild efnislega. Í þeim svörum var ekkert upplýst um umfang lögfræðistarfanna, gjaldskrá né forsendur gjaldtöku. Erindinu var svarað almennt: Háskólaprófessorar mættu semja lögfræðilegar álitserðir í frítíma sínum að vild og það að fetta fingur út í það væri ólöglegt inngríp í stjórnarskrárvárið atvinnufrelsi þeirra. Í annan stað sinntu þeir samningu álitserða og annarri lögfræðivinnu, ótengdri starfi sínu, einvörðungu á kvöldin og um helgar eða, ef þeir gripu í slík verk á daginn, bættu þeir Háskólanum það upp með því

að undirbúa kennslu á kvöldin og um helgar heima hjá sér. Sá háttur væri í samræmi við skiptivinnu-kerfi, sem við lýði væri innan Háskólans. Í þriðja lagi væri samkeppni þeirra við lögmennt ekki bara lögleg heldur beinlínis holl fyrir markaðinn því að um lítil fyrirtæki (kennarana) væri að ræða rekinn með lágmarkskostnaði, sem líkleg væru til að stuðla að lægra verði á markaðnum, neytendum til góðs. Þá var fullyrt að kennararnir nyttu einskis styrks eða aðstoðar frá Háskólanum við þessa vinnu.

Samkeppnisráð rökstuddi niðurstöðu sína í nokkru máli. Ráðið féllst á að ekki mætti setja skorður við atvinnufrelsi kennaranna. Þá fjallaði það ítarlega um að lögmennt hefðu einkarétt til málflyttings og má ráða það af þeirri umfjöllun að sá einkaréttur réttlæti að samkeppnisstaða lögmannanna sé skert á öðrum sviðum. Einna merkust meðal forsendna er þó það mat samkeppnisráðs, varðandi fullyrðingar lagadeildar um að þessum störfum sé bara sinnt í frítíma, eða í skiptivinnu, að Lögmannafélagið „... hafi ekki sýnt fram á það í málflytningi sínum að þessu sé öðruvísi farið...“

Fljótt til litid virðist ákvörðun samkeppnisráðs ekki reist á of traustum grunni. Með vísan til orða ráðsins, sem hér síðast voru rakin, sýnist rannsóknarregla stjórnsýslu-laga til dæmis ekki hafa verið ráðinu ofarlega í huga þegar það samdi forsendur sínar. Sérstaklega ef haft er í huga hvers eðlis erindi Lögmannafélagsins var. Að umfang lögfræðistarfa kennaranna yrði kannað, hvort samkeppnin væri á jafnræðisgrundvelli og samræmdist samkeppnislögum.

Stjórn Lögmannafélagsins hefur tekið ákvörðun um að kæra málið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Ýmsar fréttir

Aðalfundur

Þann 12. mars næstkomandi er fyrirhugað að halda aðalfund Lögmannafélagsins. Þar mun auk hefðbundinna aðalfundarstarfa vafalítið bera á góma málefni félagsdeildar félagsins sem nú eru mjög í deiglu eini og skoðanakönnun Gallups ber með sér, sem og þetta tölublað Lögmannablaðsins.

Árshátíð

Jafn árviss viðburður og aðalfundurinn er árshátíð sem löngum er haldin í kallfæri við fundinn. Í þetta sinn 13. mars.

Ekkert hefur enn verið upplýst um dagskrá árshátíðarinnar en vafalaust mun árshátíðargestum verða boðið upp á eitt-hvað að borða auk þess sem farið verður með gamanmál, hent gaman að mönnum og málefnum, eins og tilefninu hæfir.

Breytingar á félagatali

Sífelld eru menn á faraldsfæti, fá útgefin ný málflytninguleyfi og leggja leyfi inn. Nýtt félagatal mun líta dagsins ljós nú á vormánuðum og eru félagsmenn eindregið hvattir til að gefa því gaum hvort allar upplýsingar um þá séu réttilega færðar til bókar í núverandi félagatali. Ef svo er ekki þá sendið skrifstofu félagsins orðsendingu. Sérstaklega á þetta við ef menn hafa fengið sér netfang án þess að láta vita.

Þó stutt sé frá útgáfu síðasta blaðs er gnægð breytinga á félagatalinu sem taldar verða upp hér:

Ný málflytninguleyfi fyrir beraðsdómi:

Fríðgeir Sigurðsson, hdl., starfar hjá endurskoðendafyrirtækinu Price-Waterhouse Coopers, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík, sími 550-5300, bréfsími 550-5302.

Grétar Jónasson, hdl., starfar hjá Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu í Reykjavík, sími 563-2000, bréfsími 563-2029.

Guðjón Rúnarsson, hdl., sinnir störfum hjá Verslunarráði, Húsi verslunarinnar, sími 588-6666, bréfsími 568-6564.

Ingi Tryggvason, hdl., rekur eigin lögmannsstofu að Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi, sími 437-1700, bréfsími 437-1017.

Pétur Gunnlaugsson, hdl., Efsta-leiti 12, 103 Reykjavík.

Eldra leyfi leyst út:

Jón Höskuldsson, hdl. sem rekur lögmannsstofu að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, sími 588-5880, bréfsími 588-5885.

Lögmannsstofur á nýjum stað:

Ásgeir Á. Ragnarsson, hdl. og **Baldvin Björn Haraldsson hdl.** fluttu lögmannsstofu sína að Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, sími 550-0500, bréfsími 550-0505.

Haukur Bjarnason, hdl. og **Sigurður Gizurarson hrl.**, tilkynntu flutning að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi, sími 552-6675, bréfsími 552-6675.

Pétur Einarsson, hdl., rekur lögmannsstofu að Aðalgötu 12, 550 Sauðárkróki, símar: 899-8631, 453-6362, 453-5379, bréfsími 453-5034, netfang Rutep@isholf.is

Sif Konráðsdóttir, hdl., flutti sína stofu um set að Hafnarstræti 20, 3.hæð, pósthólf 787, 121 Reykjavík, sími 511-1190, bréfsími 511-1195, netfang skonrads@itn.is

Horfið til nýrra starfa:

Lára Sverrisdóttir, hdl., tók til

starfa hjá Íslandsbanka hf., Lækjargötu 12, 155 Reykjavík, sími 560-8600, bréfsími 560-8614, netfang lara.sverrisdottir@isbank.is

Óskar Magnússon, hrl., flutti sig um set í starfi og er nú hjá Baugi hf. Skútuvogi 7, 104 Reykjavík, sími 530-5600, bréfsími 530-5509, netfang om@baugur.is

Ný heimilisföng:

Bergur Bjarnason, hrl., Kirkjulundi 8, 210 Garðabæ, sími 565-0824

Brandur Brynjólfsson, hrl., Skipholt 21, 105 Reykjavík, sími 551-7324

Lilja Dóra Halldórsdóttir, hdl., 77 avenue Reineasbrid, 1970 WEZEMBEEK, Oppen, Belgíu.

Ný netföng:

Bjarni S. Ásgeirsson, hrl., bjarni@vidst.is

Guðmundur I. Guðmundsson, hdl., guðmundur.i.guðmundsson@rikiskaup.is

Ingi H. Sigurðsson, hdl., ingi@vidst.is

Ólafur Rafnsson, hdl., oli@vidst.is

Ólafur Sigurgeirsson, hdl., Olafur.Sigurgeirsson@prim.is

Fulltrúamál

Méðal nýmæla í lögmannalögunum, sem ritsjórn hnaut um, er vert að nefna að líframtíðinni duga ekki þau lausatök sem verið hafa á fulltrúamálum á lögmannsstofum.

Nú er kveðið á um í 11. gr. laganna að leita verði staðfestingar Lögmannafélagsins á að skilyrðum laganna sé fullnægt áður en unnt er að

starfa sem lögmannsfulltrúi. Eins er skylt að tilkynna dómstólunum um ráðninguna að fenginni staðfestingu félagsins. Svo þarf náttúrulega að tilkynna á báða staðina þegar látið er af störfum. Eins gott er að hafa þetta bak við eyrað svo ekki skapast vandræði þegar ótilkynntur lögfræðingur mætir fyrir lögmann fyrir dómi.

Sérkjör Heimilis- línunnar

Það borgar sig að skipta við traustan banka!



Með Sérkjörum Heimilislínu

geta traustir viðskiptavinir bankans nýtt sér ýmsa þjónustupætti á sannkölluðum sérkjörum.

- Hærrí innlánsvextir á Gullreikningi.
- Allt að 500.000 kr. yfirdráttarheimild á lægri vöxtum.
- Allt að 750.000 kr. skuldabréfalán án ábyrgðarmanna.
- Allt að 1.000.000 kr. sveigjanlegt Sérkjaralán, með einu símtali.
- Húsnæðislán til allt að 25 ára.
- Möguleiki á sérstökum vaxtaauka í reglu-bundnum sparnaði.
- Greiðsluþjónusta með útgjaldadreifingu.
- Útgjaldadreifing í Heimilisbankanum.
- Gullkreditkort Visa.
- Stigvæandi afsláttur til lækunar á Visareikningi.
- Frír aðgangur að Heimilisbanka á Internetinu.
- Fjármálanámskeið og handbók á sérkjörum.
- Debetkort og 150 friar færslur o.fl.



Í Sérkjörum Heimilislínu eru þjónustupættir sem bjóðast aðeins í Búnaðarbankanum; þess vegna borgar sig að skipta...

Þáú nánari upplýsingar og þekking í reistu afgreiðslu Búnaðarbankans eða á heimasíðu bankans: www.bi.is



BÚNAÐARBANKINN

- traustur banki!